

15. fundur stjórnar landssambands DKG

Á Zoom 8. febrúar 2021 kl. 19.30

Mættar: Aníta, Ingibjörg, Jónína, Guðrún Edda, Jóna, Eygló, Jenna og Theodóra

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Aníta les fundargerð síðasta fundar sem hafði verið samþykkt í tölvupósti.

2. Landssambandsþingið 8. maí í Reykjanesbæ.

Rætt um tímasetningar á ráðstefnunni og aðalfundinum. Stjórnarkonum líst vel á efnistöð þau sem Menntamálanefnd leggur upp með.

Drög að tímasetningum:

Föstudagur – framkvæmdaráðsfundur seinnipartinn 17-18:30, hittast í kvöldverði og hafa aðalfund um kvöldið 20-22.

Laugardagur 10-16:30 (Menntamálanefnd sér um dagskrá mínus eitt erindi sem kemur erlendis frá. Stjórn í samvinnu við Þetadeild sér um hádegisverð, kaffi og Hátíðarkvöldverð. Þetadeild sér um menningardagskrá í lok dags fyrir hátíðarkvöldverð.

3. Langtímaáætlun.

Langtímaáætlun send til laganefndar til þess að gefa álit sitt á því hvort við þurfum að leggja hana fyrir landssambandsþing. Einnig verður áætlunin send til formanna.

4. Endurskoðun handbókar, hvernig höldum við áfram?

Handbókin er tilbúin. Uppfærð útgáfa verður send á netið og Ingibjörg sendir tölvupóst til formanna um að uppfærð útgáfa sé komið á netið. Einnig mætti búa til frétt um uppfærða handbók.

5. Staðan í nefndum – Uppstillingarnefnd, Námsstyrkjanefnd, Félag og útbreiðslunefnd, Samskipta- og útgáfunefnd, Menntamálanefnd.

Rætt um nefndir og staðan tekin á vinnu þeirra.

6. Fulltrúi frá alþjóðasamtökunum á landssambandsþing.

Ingibjörg sendi Grace Rodrigues-Mesa tölvupóst vegna komu hennar á landssambandsþingið og ræddi þar stöðu mála vegna Covid. Enn ríkir mikil óvissa um hvort möguleiki er að fá hana til þess að koma á þingið. Ingibjörg mun vera í áframhaldandi samskiptum við hana. Hún ætlar að ræða við hana hvort hún vilji taka upp kveðju til þingsins sem hægt væri að sýna þinginu.

7. Önnur mál.

- a. Rætt um bókhaldsárið og ársreikning. Samþykkt að ársreikningur verði til og með 31. mars og lagður þannig fyrir aðalfundinn. Uppgjör fyrir stjórnartímabilið lagt fram til samþykktar að hausti á fundi framkvæmdaráðs.
- b. Rætt um hugmyndir að ráðstefnustjóra fyrir þingið.
- c. Næsti fundur ákveðinn 1. mars kl. 19:30

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir